

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923 til **103**
þess að öðlast gildi 1. janúar 1932 og er jafnframt úr gildi felldur I. kafli af ^{26.} okt.
reglum nr. 74, 8. ágúst 1921, um afnot af eignum Ísafjarðar og gjöld fyrir þau,
o. fl., og önnur ákvæði, er kunna að fara í bága við hana.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1931.

Tryggvi Pórhallsson.

Vigfús Einarsson.

R E G L U G E R Ð

104

27. okt.

um

jarðeignamál í Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Almenni ákvæði.

1. gr.

Fasteignanefnd hefir umsjón með jarðeignum kaupstaðarins, undir yfir-stjórn bæjarstjórnar. Hún tekur á móti beiðnum um afnot af landeigninni, at-hugar þær og gerir tillögur til bæjarstjórnar hversu þeim skuli svarað.

2. gr.

Fyrir afnot af landeigninni, svo sem löðarréttindi, ræktunarland, haga-göngu, slægjur, mótekju, uppsátur, grjót-, malar- og sandnám o. s. frv., skulu notendur greiða gjald, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

Bæjarstjóri gerir, fyrir hönd bæjarstjórnar, alla nauðsynlega samninga við notendur, er öðlaðt hafa réttindi til landsnytja fyrir samþykki bæjarstjórnar og sér um, að allir slikir samningar séu gerðir í samræmi við fyrirmæli reglugerðar þessarar og samþykktir bæjarstjórnar. Hann (gjaldkeri) innheimtir og öll leigugjöld fyrir landsnytjar er leigðar eru, og eru gjalddagi þeirra 1. september ár hvert.

4. gr.

Nú leigir bæjarstjórn land eða landsnytjar, og skal það þá að jafnaði gert með þeim skilmálum, sem settir eru í reglugerð þessari. Þó getur bæjar-

104 stjórn, þegar nauðsyn ber til, sett aðra skilmála fyrir slikri leigu í einstökum 27. okt. tilfellum, og þá með sérstakri samþykkt í hvert sinn.

II. KAFLI.

Um leigu á lóðum.

5. gr.

Lóðir eru leigðar til byggingar eða hverskonar annara afnota, sem landslög og reglugerðir bæjarins heimila, með þeim skilmálum, sem fram eru teknar í þessari grein og öðrum ákvæðum í þessum kafla:

- Leigutaki greiði lóðargjald af hinni leigðu lóð samkvæmt ákvæðum gildandi laga, ennfremur alla skatta og öll gjöld til hins opinbera, sem eru lögð og kunna að verða lögð á leigulóðina sem gjaldstofn.
- Leigutaki greiði á réttum gjalddaga ársleigu af lóðinni, samkvæmt leigusamningi. Leigugjaldið sé tryggt með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka, húsum og mannvirkjum á lóðinni, enda sé það tekið fram í leigusamningnum.
- Leigutaki skal hafa tekið lóðina til umsaminna notkunar, áður en þrjú ár eru liðin frá því honum var tilkynnt, að lóðin væri honum leigð, að öðrum kosti falla réttindi hans til lóðarinnar niður.
- Leigutaki undirriti samning við leigusala um lóðina, áður en tveir mánuðir eru liðnir, frá því honum var tilkynnt samþykkt bæjarstjórnar fyrir leigunni. Láti leigutaki þetta hjá liða, er slik samþykkt ekki lengur bindandi fyrir bæjarfélagið.
- Leigutaki láti á sinn kostnað þinglýsa leigusamningi, er hann hefir fengið fyrir lóðinni á næsta manntalsþingi eftir undirskrift hans, ella lætur bæjarstjórnin þinglýsa honum á kostnað leigutaka.
- Heimilt er bæjarstjórninni, að leggja skólpræsi, vatnsæðar, raftaugar og annað því um líkt um leigulóðina endurgjaldslaust, enda sé lóð og mannvirkjum ekki spilt með sliku.
- Pegar leigusamningur um lóð hefir verið í gildi um minnst 10 ára bil, getur leigutaki og leigusali hvor um sig innan eins árs eftir að nýtt almennt fasteignamat hefir farið fram, krafizt þess, að lóðarsanningur sé endurnýjáður og ný ársleiga ákveðin, með samkomulagi aðila, en önnur ákvæði samningsins haldist óbreytt. Náist eigi samkomulag um leiguupphæðina skal hún ákveðin eftir mati þriggja manna, og sé matið miðað við verðmæti lóðarinnar án umbóta leigutaka, á þeim tíma þegar matið fór fram. Tilnefnir leigutaki einn matsmann, leigusali annan, en oddamaður sé dómkvaddur. Hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats. Yfirmatsnefnd skipa 5 menn, nefnir leigutaki 2 matsmenn, leigusali aðra 2, en oddamaður sé dóm-

kvaddur. Sá sem krefst mats eða yfirmats, skal greiða allan kostnað sem af því leiðir.

104

27. okt.

- h. Lóðarsamningur er óuppsegjanlegur af hálfu leigusala, meðan leigutaki uppfyllir þá skilmála, sem honum eru settir með reglugerð þessari, og leigusamningi um lóðina en leigutaka er heimilt að segja upp leiguréttinum skriflega með eins árs fyrirvara. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leiguréttindi sín. Vilji leigutaki selja eða veðsetja hluta af leiguréttindum sínum þarf til þess samþykki bæjarstjórnar.

Ákvæði í b-lið og h-lið um tryggingar fyrir eftirgjaldi, gildir ekki gagnvart veðdeild, sem lánar aðeins út á fyrsta veðrétt.

6. gr.

Nú lætur leigutaki hjá liða, að greiða ársleigu, og má þá til lúkningar gera fjárnám í lóðarréttindunum, húsum og mannvirkjum á lóðinni, án dóms eða sáttar, samkvæmt 15. gr. laga 16. des. 1885, enda sé það tekið fram í leigusamningnum.

7. gr.

Lóðarsamningur skal gerður í tveim samhljóða eintökum, og fær leigutaki annað eintakið, en hitt geymist í skjalasafni bæjarins. Hvoru sammings-eintaki skal fylgja viðfestur uppdráttur af lóðinni, er sýni afstöðu hennar gagnvart skipulagi bæjarins. Leigutaki greiði kr. 5.00 fyrir uppdrátt þenna.

III. KAFLI.

Um leigu á landi til ræktunar.

8. gr.

Leiguspildur til ræktunar leigjast bæjarbúum með eftifarandi skilmálum og öðrum ákvæðum í þessum kafla.

- Leigutaki greiði alla skatta og öll gjöld til hins opinbera, sem lögð eru og kunna að verða lögð á leigulandið sem gjaldstofn.
- Leigutaki greiði ársleigu, er bæjarstjórn ákveður, af landsspildunni á réttum gjalddaga, og sé leigugjaldið tryggt með forgangsveðrétti á leiguréttindum og mannvirkjum leigutaka á lóðinni, á undan öðrum veðskuldum, enda sé það tekið fram í leigusamningnum.
- Leigutaki noti land það, er hann hefir tekið á leigu, einungis til ræktunar, en ekki til bygginga, svarðartekju, grjót- eða sandnáms, eða nokkurs annars, hverju nafni sem nefnist, nema sérstakt leyfi bæjarstjórnarinnar komi til.
- Leigutaki skal hafa girt ræktunarlandið traustri gripheldri girðing, áður en þrjú ár eru liðin frá því hann tók það á leigu.
- Leigutaki skal hafa byrjað ræktun landssvæðisins áður en eitt ár er liðið frá því honum var tilkynnt, að það væri honum leigt. Eftir það skal hann

104
27. okt.

- vinna að ræktuninni árlega minnst þá dagsverkatölu, er bæjarstjórn hefir gert honum, og hann með samningi hefir undirgengizt að inna af hendi. Girðing landsvæðisins telst þó ekki til ræktunarinnar í þessu sambandi. Einungis jarðarbótaskírteini frá þeim trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, er hefir Seyðisfjarðarkaupstað til yfirsóknar, telst sönnun fyrir því hve mikið hafi verið unnið að ræktun leigulandsins.
- f. Leigutaka er skylt að viðhalda sæmilegri ræktun landsspildu þeirrar, er hann hefir ræktað, svo og girðingu um hana.
 - g. Leigutaki skal hafa undirritað samning við leigusala, um leigulandið, innan tveggja mánaða frá því honum var tilkynnt samþykki bæjarstjórnar fyrir leigunni, ella er sú samþykkt ekki lengur bindandi fyrir bæjarfélagið.
 - h. Heimilt er bæjarstjórn að leggja skólpræsi, vatnsæðar, raftaugar og annað því um líkt um leigulandið endurgjaldslaust, enda verði landið ekki fyrir verulegum skemmdum af því.
 - i. Hvenær sem bæjarstjórn þarfnað leigulandsins, vegna opinberra framkvæmda bæjarfélagsins, eða bæjarstjórnin vill láta landið af hendi til bygginingarlóða handa einstökum mönnum, er leigutaka skylt að láta af hendi leiguréttindi sín, hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess, gegn bótum eftir mati þriggja dómkvaddra manna, sem ákveða andvirði ræktunarlandsinsstyrksins ásamt mannvirkjum á því.
 - j. Þegar landsspildan hefir verið í leigu í 75 ár, falla leiguréttindin niður endurgjaldslaust, þó er leigutaka rétt að flytja þá í burtu girðingar og hús, er þar kunna að standa.
 - k. Leigusamningi um landssvæðið skal leigutaki láta þinglýsa á sinn kostnað við fyrsta tækifæri, ella lætur bæjarstjórnin afhenda samninginn til þinglesningar á kostnað leigutaka.
 - l. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja réttindi sín, eða ráðstafa þeim á annan löglegan hátt. Þó áskilur bærinn sér forkaupsrétt, og ber því leigu-hafa að tilkynna bæjarstjórn fyrirhugaða sölu. Hluta af réttindunum getur leigutaki því aðeins selt og veðsett að bæjarstjórn samþykki. Leigutaki getur sagt upp leiguréttinum skriflega með eins árs fyrirvara.

9. gr.

Nú vanrækir leigutaki að uppfylla þær skyldur, er á honum hvíla samkvæmt 8. gr. a, b, c, d, og missir hann þá rétt sinn og leigulandið fellur endurgjaldslaust til landeiganda.

10. gr.

Nú litur fasteignanefnd svo á, að leigutaki hafi vanrækt, að uppfylla þau skilyrði fyrir leigunni, sem honum eru sett í 8. gr. e, f, þá skal nefndin fyrst veita leigutaka áminningu, en beri það ekki árangur, þá skal leggja málid undir úrskurð þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Síð að domi þeirra um

alvarlega vanrækslu að ræða, missir leigutaki rétt sinn til landssvæðisins bóta-laust. **104**
27. okt.

11. gr.

Leigusamningur um land til ræktunar skal gerður í tveim samhljóða eintökum og fær leigutaki annað, en hitt geymist í skjalasafni bæjarins. Hvoru samningseintaki fylgir viðfestur uppdráttur af leigulandinu, er sýni afstöðu þess gagnvart skipulagi bæjarins, eða öðrum leigulöndum. Leigutaki greiði kr. 5,00 fyrir uppdrátt þenna.

IV. KAFLI.

Um hagagöngu.

12. gr.

Heimil er mönnum, búsettu i bænum, hagaganga fyrir skepnur sínar á því svæði af landeign bæjarins, er bæjarstjórн ákveður að nota þannig, og þurfa menn ekki að sækja leyfi til þess sérstaklega. En gjald skulu skepnueigendur greiða fyrir hagagöngu árlega samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórн hefir samþykkt.

13. gr.

Nú kaupir bæjarbúi sér hagagöngu fyrir skepnur sínar, annarsstaðar en í landi bæjarins, skal hann þá tilkynna það bæjarstjórн eigi síðar en 15. júlí og sýni skilriki fyrir, og er hann þá ekki skyldur til að greiða bænum hagatoll, enda gangi gripir hans ekki að staðaldri í landi bæjarins.

14. gr.

Bannað er ferðamönnum, að sleppa hestum sínum í landi bæjarins annarsstaðar en þar sem bæjarstjórн ákveður, enda sé þeim ætlað særilegt haglendi.

15. gr.

Nú lætur bæjarstjórн girða af svæði fyrir ferðamannahesta og skal þá ferðamönnum, er dvöl hafa í bænum heimilt og skylt, að geyma hesta sína þar, og greiði þeir gjald fyrir svo sem bæjarstjórн ákveður.

16. gr.

Verzlanir, er kaupa sláturfé á hausti, skulu greiða fyrir hagagöngu sláturfjárins í hlutfalli við fjártölu samkvæmt gjaldskrá.

104
27. okt.

V. KAFLI.
Um fjallskil.

17. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjallskilareglugerðar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, eru allir sauðfjáreigendur í bænum skyldir að inna af hendi fjallskil, eða útvega fullgilda menn til þess í sinn stað.

18. gr.

Fjallskilastjóri hefir á hendi yfirstjórn fjallskila í bænum, og er skipaður af bæjarstjórn til eins árs í senn. Hann ræður gangnamenn, gangnaforingja og réttarstjóra, svo marga sem þurfa þykir, og ákveður verksvið þeirra.

19. gr.

Gjalda skal kaup þeim, er starfa að fjallskilum, en kostnaði við fjallskil skal jafna niður á fjáreigendur, hlutfallslega eftir fjártölu þeirra. Laun fjallskilastjóra, kostnað við rekstra og fjársókn í aðrar sveitir og viðhald og byggingu rétta skal þó greiða úr bæjarsjóði. Fjallskilastjóri framkvæmir niðurjöfnun á fjallskilakostnaði.

VI. KAFLI.

Um tún- og engjaleigu.

20. gr.

Peim, sem tekur tún á leigu, er skylt að viðhalda sæmilegri ræktun þess, og skila því ekki í verra ásigkomulagi, en er hann tók við því. Sé um vanrækslu að ræða hjá leigutaka í þessu efni, skal með málið farið samkvæmt 10. gr. III. kafla.

21. gr.

Leigutaki má hvorki rista torf, stinga hnausa eða gera annað jarðrask á því túni eða slægjulandi, sem hann hefir á leigu, nema leyfi fasteignanefndar komi til.

VII. KAFLI.

Um jarðrask, grjót-, malar- og sandnám o. fl.

22. gr.

Bannað er að gera nokkurt jarðrask, hverju nafni sem nefnist í landi bæjarins, án leyfis fasteignanefndar.

23. gr.

Peir sem óska að rista torf, stinga hnausa, taka upp mó, afla grjóts, malar eða sands í landi kaupstaðarins, skulu fá til þess leyfi fasteignanefndar og greiða gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá. 27. ckt.

104

24. gr.

Mógrafir skulu grafnar skipulega, og svo að sem minnst landskemmd verði að, og að endingu móskurðar svo frá þeim gengið, að eigi séu hættulegar mönnum eða skepnum.

25. gr.

Fasteignanefnd getur ef þurfa þykir, með samþykki bæjarstjórnar, skipað umsjónarmann til að hafa eftirlit með torf- og mótekju, grjót-, malar- og sandnámi.

26. gr.

Hver sem vill nota land bæjarins til uppsáturs fyrir skip, skal leita til þess leyfis bæjarstjóra, sem veitir leyfið ef ástæða er til með ráði fasteignanefndar. Gjald skal greiða eftir uppsátur eftir gjaldskrá.

VIII. KAFLI.

27. gr.

Enginn má stunda veiðiskap í landeign bæjarins án leyfis bæjarstjórnar.

28. gr.

Nú veitir bæjarstjórn almennt leyfi til rjúpna- eða silungsveiða í landi kaupstaðarins, og skulu menn þá fá leyfishréf til veiðanna hjá bæjarstjóra og greiða gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá.

IX. KAFLI.

Ýmisleg ákvæði.

29. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, má taka lögtaki.

30. gr.

Peir, sem verða brotlegir við ákvæði þessarar reglugerðar, skulu sæta sektum frá 10—500 króna, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

104

27. okt.

Með reglugerð þessari eru numdar úr gildi allar fyrri samþykktir bæjarstjórnar um afnot af landeigninni, að því leyti sem þær koma í bága við ákvæði hennar.

31. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 28. nóvember 1919, til þess að öðlast gildi þegar i stað og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

105

28. okt.

R E G L U G E R Ð

um

viðauka við reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum frá 13. maí 1930.

Samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12, 20. október 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar bætist: Eigi má heldur selja eða láta af hendi til annara slik truflandi tæki nema með leyfi útvarsstjóra, enda séu truflanir frá þeim áður útilokaðar eins og unnt er og talið verður fullnægjandi.

2. gr.

Nú eru einhver þeirra tækja, sem að framan eru talin, eða önnur rafmagnstæki, sem valdið geta truflunum á útvarpi, þannig ger, að eigi er unnt að deyfa nægilega truflanir frá þeim, eða það er sérstaklega kostnaðarsamt, og er þá óheimilt að nota þau án sérstaks leyfis útvarsstjóra, sem þá ákveður, á hverjum tíma dags má nota þau. Hraðskiptistraumstæki þau, sem almenn eru nefnd „Tesla“-tæki, og önnur lík truflandi áhöld, má þó aldrei nota nema á þeim tínum dags, sem hér segir: Á virkum dögum frá kl. 12 á miðnætti til kl. 9 árdegis, kl. 10½—12 árdegis og kl. 2—4 síðdegis. Á helgum dögum frá kl. 12 á miðnætti til kl. 10 árdegis.

Þessu má þó breyta með auglysingu frá útvarsstjóra, ef þurfa þykir.